

Afgreiðslufundur

Árið 2026, fimmtudaginn 5. mars kl. 09:00 var haldinn 1896. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Jón Ragnar Gunnarsson, Rúnar Grímsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram umsókn Róta og vína ehf., kt. 421018-0570, dags. 14. janúar 2026, um starfsleyfi fyrir geymslu og innflutningi forpakkaðra matvæla (Rætur & Vín) að Eyjarslóð 9, F2217920, rými 02 0102. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
2. Lögð fram umsókn Fínna vína ehf., kt., 460126-1260, dags. 17. febrúar 2026, um starfsleyfi fyrir innflutningi á forpökkuðum matvælum, ásamt netverslun. Lager er hjá vöruhúsi með starfsleyfi samkvæmt samningi þar um (Fín vín). Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
3. Lögð fram umsókn Sahira ehf., kt. 420725-0860, dags. 23. febrúar 2026, um starfsleyfi fyrir veitingastað; kaffihús (Namaste) í Hlemmi mathöll að Laugavegi 107, F2010330, sölubás K. Tímabundið leyfi.
Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi til 5. júní 2026 með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði og Almennum skilyrðum fyrir rekstri sölubása í Hlemmi mathöll.*
4. Lögð fram umsókn Sahira ehf., kt. 420725-0860, dags. 23. febrúar 2026, um skráningu á veitingastað (Namaste) í Hlemmi mathöll að Laugavegi 107, F2010330, sölubás K. Ný skráning.
Samþykkt að staðfesta skráningu sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.* Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir veitingastaði.*
5. Lögð fram umsókn Menam Höfða ehf., kt. 500125-0710, dags. 19. febrúar 2026, um skráningu á starfsemi þar sem notað er kælikerfi sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða ósoneyðandi efni sem og þjónusta við þau kerfi (Skálinn Gufunesi) að Gufunesvegi 17, F2038423, rými 02 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.* Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir starfsemi þar sem notað er kælikerfi sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða ósoneyðandi efni sem og þjónusta við þau kerfi.*
6. Lögð fram umsókn Tungumálaskólans ehf., kt. 591007-1220, dags. 23. janúar 2026, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir sérskóla (Tungumálaskólinn) að Skeifunni 11C, F2023359, rými 03 0301 og F2023357, rými 03 0201. Breyting á húsnæði.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir skóla og kennslustaði ætluðum börnum og fullorðnum 6 eða fleiri.*

7. Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar, velferðarsviðs, kt. 530269-7609, dags. 23. janúar 2026, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir félagsmiðstöð og móttökueldhús (Félagsmiðstöð Hraunbæ 105) að Hraunbæ 105, F2044338, rými 03 0101. Endurnýjun leyfis.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.

8. Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar, velferðarsviðs, kt. 530269-7609, dags. 16. apríl 2025, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir vistheimili (Mánaberg) að Efstalandi 26, F2274584, rými 01 0301. Flutningur í nýtt húsnæði.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir heimili og stofnanir fyrir börn og unglunga*.

Fundi slitið kl. 09:33

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Rúnar Grímsson